



Ótæmandi auðlind: Gvendarbrunnar

Orkuveita Reykjavíkur · Sími. 516 6000 | or.is



Gvendarbrunnar

Vatn

Vatn á sér hvorki upphaf né endi í náttúrunni, það er á eilfri hringrás. Á yfirborði úthafanna, gróðri, mönnum, dýrum, ám og vötnum á sér stað uppstreymi raka. Í lofthjúpnum þéttist rakinn og verður að skýjum. Það regnvatn sem ekki gufar upp, sígur í jörðina, sérstaklega þar sem hún er gljúp á yfirborðinu, t.d. þar sem hraun þekur yfirborðið eins og í Heiðmörk. Miklir grunnvatnsstraumar eru undir Heiðmörk.

Sagan

Búseta manna hefur frá upphafi verið háð aðgengi að vatni. Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands, er talinn hafa byggt bæ sinn þar sem nú er Aðalstræti í Reykjavík. En þar var aðalvatnsból Reykvíkinga frá upphafi byggðar í Reykjavík.

Um aldamótin síðustu er áætlað að í Reykjavík hafi verið um 34 vatnspóstar og vatnsból.

Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa 1909 og var þá mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í

Í júní 1909 var vatni hleypt á lög्न frá Elliðaánum til Reykjavíkur, en um haustið var leiðslan frá Gvendarbrunnum tekin í notkun. Með þessum virkjunarframkvæmdum áttu Reykvíkingar greiðan aðgang að nægu hreinu vatni, enda leið ekki á löngu þar til vatnsneysla þeirra margfaldaðist. Vatnsnotkun í Reykjavík jókst úr 18 lítrum á sólahring í rúmlega 200 lítra á sólarhring á hvern íbúa fljótlega eftir tilkomu vatnsveitunnar.

Vatnsöflun

Vatnsból Orkuveitu Reykjavíkur eru í Heiðmörk. Vatnstöku-svæðin eru Gvendarbrunnar, Jaðarsvæði, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki.

Reynslan sýnir að vatnsvinnsla í Heiðmörk byggist alfarið á grunnvatnsstreymi undan Heiðmörk, en meginhluti þess vatns kemur undan Húsafellsbruna og úr Bláfjöllum. Vatnsrennsli í brunnana er mjög háð úrkomumagni, snjóþekju í Bláfjöllum að vori til og dreifingu úrkomunnar yfir árið.

Allt vatn er tekið úr yfirbyggðum borholum sem eru frá 10 til 140 metra djúpar. Fer vatnið í aðalæðum, dreifiaðum og heimæðum til neytandans. Vatnsveitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur er stærsta vatnsveita landsins og þjónar um helmingi íbúa þess. Veitusvæðið nær til Reykjavíkur, Kjalarness, Kópavogs, Seltjarnarness og hluta Mosfellsbæjar. Við uppbyggingu kerfisins er þess gætt að enginn einn þáttur geti gert kerfið óvirkt. Áreiðanlegra dreifikerfi dregur m. a. úr líkum á mengun úr jarðvegi inn á lagnakerfið. Á síðustu árum hefur öryggi aukist umtalsvert og minna þarf af vatni til höfuðborgarinnar þrátt fyrir fólksfjölgun og stærra og víðtækara dreifikerfi.

Gæði vatns

Vatnsveita Reykjavíkur var fyrsta vatnsveita á Norðurlöndum til að hljóta vottun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum.

Vottunin er mikilvæg íslenskum matvælafyrirtækjum og getur orðið þeim til framdráttar á erlendri grund þar sem kröfur um gæðavottað vatn verða sífellt algengari.

Gæði drykkjarvatns Orkuveitu Reykjavíkur eru ótvíræð. Ástæðurnar eru m. a. þær að umhverfi vatnsbóla er verndað, umgangur þar lítill og vatn sótt í lokaðar 10 til 140 metra djúpar borholur. Því dýpra sem er niður á vatnið því minni hætta er á mengun grunnvatnsins.

Framtíðin felst í öfluglu eftirliti með vatnsverndarsvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Mikilvægt er að fólk sé meðvitað um mikilvægi varfærnislegrar umgengni um vatnstökusvæði Orkuveitunnar, einkum í Heiðmörk. Hreint og gott neysluvatn í nánd við byggð er ómæld auðlind sem ber að vernda með öllum tiltækum ráðum. Mengunarvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir eru nauðsynlegar til að tryggja neytendum á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur hreint og tært vatn um alla framtíð.